



## Umhverfisnefndarfundur 18. desember 2017

Mættir: Þórhalla BG, Alda VV, Sibba TH, Sigga SH og Líney FB

Fjarverandi: Adda aðstoðarskólastjóri og Auður HS

Ritari: Sibba

1. Farið yfir síðasta fund, og hugmyndir sem þar komu fram, þar sem fundargerð er ekki komin og það vantaði nokkra kennara á þann fund. Margar hugmyndir þar frábærar. Rætt um að grípa hugmyndina um þátttöku á „Ísland á iði“ eða að skólinn ákveði sérstaka hreyfiviku þegar vorar og gera svipaða útfærslu og lestrarormurinn. Það yrði þá tenging við heimilin og öll hreyfing heima með fjölskyldunni skráð og komið með að heiman. Einnig að skrá hreyfingu í skólanum og hengja þetta allt upp á vegg líkt og lestrarorminn. Hafa miðana eins og fótspor í mismunandi litum eftir deildum. Einnig var rætt um að hugmyndin um náttúrujoga væri skemmtileg og deildir hvattar til að vinna að útfærslu á henni.

2. Rætt var um að biðja Öddu og eða Jónínu að senda skilaboð til foreldra að koma með nærboli og boli sem börnin eru hætt að nota svo hægt sé að útbúa úr þeim taupoka fyrir leikskólann, til að senda í þeim heim t.d. blaut föt af börnunum.

3. Farið yfir námsskrána um náttúru og umhverfi, þar sem Jónína er að vinna í að koma henni í endanlegt form. Umræður urðu um uppbyggingu hennar og örfáar breytingar voru gerðar á orðalagi. Einnig voru smá tilfærslur á verkefnum milli aldurshópa. Þórhalla formaður nefndarinnar lagfærir skrána og kemur henni til Jónínu sem fyrst. Áhersla lögð á að hver deild finni útfærslu verkefnanna miðað við barnahóp deildarinnar.

4. Nefndarmenn voru hvattir til að skrifa út verkefni fyrir aldurshóp sinnar deildar og setja í flettirekka svo auðveldara sé að fylgjast með því að verkefnin séu unnin með börnunum.

Fleira ekki á dagskrá.

Fundi slitið, ritari Sibba.